

<u>Talað mál, hlustun og áhorf.</u>		
Markmið 1. – 4. bekkjar með mismunandi vægi eftir einstaklingum og árgöngum.	Leiðir	Bækur/námshögn
• beitt skýrum og áheyrilegum framburði,	Koma fram og tala fyrir hóp. Lesa upp sögur, ljóð og fleira.	Sögur sem nemendur hafa samið.
• tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu,	Sýna öðrum nemendum og foreldrum stutta leikþætti. Umræður og rökræður um dægurmál og það sem brennur á.	Sögur, ljóð og leikrit sem nemendur og/eða kennari velur til að vinna með.
sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið	Nemendur tjá sig um eigin upplifun, endursegja sögu sem þau hafa hlustað á eða lesið.	Leikverk og tónlist sem flutt er af fagfólki í skólanum eða annars staðar.
• hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni,	Fara á sýningar, horfa á atriði í skóla bæði beint og í gegnum tölvumiðil. Tjáð sig um það sem þau sáu og heyrðu. Tala um tilfinningar og þær skilgreindar og skoðaðar.	
nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi	Taka upp myndband/myndir og vinna í tölvu og sýna vinnu sína.	
átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.	Ræða saman, hlusta á sögur hvers annars. Setja sig í spor og læra að taka tillit til annara.	

<u>Lestur og bókmenntir</u>		
Markmið 1. – 4. bekkjar með mismunandi vægi eftir einstaklingum og árgöngum.	Leiðir	Bækur/námsgögn
<ul style="list-style-type: none"> • beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr, 	Stafainnlögn og lestrarþjálfun í hraðlestri, hljóðlestri, lesskilningi og framsögn.	Listin að lesa og skrifa, vinnubækur 1 – 4, það er leikur að læra, vinnubók 1 og 2
<ul style="list-style-type: none"> • nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi, 	Lesu bækur og hlusta á upplestur. Velja lykilorð og vinna með það.	Lestrarlandið og vinnubók 1 og 2, Sagan um Bólu, 1 – 10,
<ul style="list-style-type: none"> • tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess, 	Lesu ýmsa texta og ræða um innihald og merkingu þess sem lesið var, lesskilningur.	Léttlestrar – og smábækur: http://www1.nams.is/islyngsta/index.php
<ul style="list-style-type: none"> • valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings, 	Hafa fjölbreytilegt lesefni aðgengilegt í skólastofunni. Fara á bókasafn og kynna uppbyggingu þess.	Lesum saman, lestrarbók og vinnubók. Lesum meira saman, lestrarb. og vinnub. Sögusteinn.
<ul style="list-style-type: none"> • lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum, 	Börnin lesa og hlusta á ævintýri, sögur og ljóð.	Litlu landnemarnir.
<ul style="list-style-type: none"> • beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap, 	Lesu ýmsa texta og ræða um uppbyggingu sögugerðar.	Allt getur gerst. Bækur af bókasafni skólans.
<ul style="list-style-type: none"> • beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu, 	Lesu ljóð, vísur, kvæði og þulur. Að ríma og leika með hljóð og rím. Semja ljóð, vísur og lesa upp.	Bekkjasett af bókasafni.?
<ul style="list-style-type: none"> • aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi, 	Lesu bækur og efni á rafrænu formi til heimildavinnu.	
<ul style="list-style-type: none"> • lesið úr tákmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum, 	Kynna fyrir nemendum möguleika myndmáls og tákna til upplýsingaöflunar.	
valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.	Gefa nemendum næði og tíma til yndislesturs.	

Ritun		
Markmið 1. – 4. bekkjar með mismunandi vægi eftir einstaklingum og árgöngum.	Leiðir	Bækur/námshöggn
dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega,	Kenna stafagerð/Ítalíuskript.	Ás.
• nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi,	Kenna þeim hvað er setning, málsgrein og hvernig saga og/eða frásögn er uppbyggð.	Tvistur.
• samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð,	Skapandi skrif - semja sögur, frásagnir og ljóð.	Pristur.
• beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálparhögn við hæfi,	Skrifa eftir réttum texta og upplestri, nýta orðabók. Vinna í tölvu og nota leiðréttingarforrit. Markvisst er farið yfir einfaldar stafsetningarreglur við hæfi hvers og eins.	Græni blýanturinn. Blái blýanturinn.
• nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis,	Hlusta/lesa sögu og gera úrdrátt, semja sögu eftir myndum/myndaröðum. Staðreynda-/heimildaritun.	Ítalíuskript 1, 2, 3 og 4 a og b bækur. nams.is : Íslenska á yngsta stigi – veforg. nams.is: Fingrafimi og aðrir námsleikir.
• skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu,	Með því að kenna þeim að nýta sér tölvu í námi. Þjálfun í fingrafimi og öðrum námsleikjum.	Skinna 1 og 2
• skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.	Nemendur þjálfaðir í frásögn á eigin texta og annara.	Samhljóðar í himingeimnum – Vefur á nams.is.

Málfræði		
Markmið 1. – 4. bekkjar með mismunandi vægi eftir einstaklingum og árgöngum.	Leiðir	Bækur/námsgögn
<ul style="list-style-type: none"> • beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska, 	Ræða merkingu og fjölbreytileika orða og orðalags. Umræður – tjáning – ritun – hlustun.	Lestrarland, vinnubækur 1 og 2. Ritrún 1, 2 og 3.
<ul style="list-style-type: none"> • þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein, 	Kenna hljóð stafanna og röðun þeirra í orð og merkingarbærar málsgreinar, með þjálfun hljóðkerfisvitundar.	nams.is : Íslenska á yngsta stigi – veftorg.
<ul style="list-style-type: none"> • raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag, 	Kenna stafrófið/stafrófsvísur. Almenn vinna þar sem nauðsynlegt er að nýta sér stafrófið.	Skinna 1 og 2.
<ul style="list-style-type: none"> • gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða, 	Rætt um uppbyggingu tungumálsins í orðflokka og þeim kennt að greina í nafnorð, sagnorð og lýsingarorð.	
<ul style="list-style-type: none"> • leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu, 	Kenna þeim um margræðni orða í daglegu máli og að greina kyn orða og tölu.	
<ul style="list-style-type: none"> • búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta, 	Hlusta á hrynjanda til að skilja hvernig setning og /eða málsgrein er byggð upp. Byrja á stórum staf og enda á punkti.	
<ul style="list-style-type: none"> • greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta, 	Vinna með nafnorð og greina mun á sérnöfnum og samnöfnum. Leggja áherslu á stóran og lítinn staf út frá eiginnöfnum og nánasta umhverfi.	
<ul style="list-style-type: none"> • leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma, og fara í orðaleiki, 	Leggja áherslu á hljóðbreytingar í rímmyndun, orðaleikir og orðabókavinna.	
<ul style="list-style-type: none"> • gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði. 	Að þau geti tileinkað sér í töluðu - og rituðu máli kunnáttu sína í málfræði.	